

FUNDARGERÐ SKÓLANEFNDAR

Fundur haldinn í skólanefnd Höfðaskóla fimmtudaginn 12. ágúst 2004 klukkan 17:00 í húsnæði Höfðaskóla.

Mætt eru; Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Gunnar Halldórsson, Ingibergur Guðmundsson skólastjóri, Ólafur Bernóðusson aðstoðarskólastjóri.

Dagskrá fundarins.

1. Ráðningamál
2. Önnur mál

Adolf Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Kennararáðningar. Skólastjóri fór yfir ráðningamálin í stuttu máli. Greindi hann frá því að hann hefði svarað umsækjendum þegar hann kom úr sumarleyfi. Skömmu síðar ákvað Elva Dröfn Árnadóttir að hefja nám við KHÍ og dró því umsókn sína til baka. Staða hennar var þá auglýst ásamt stöðu smíðakennara og staða vegna fæðingarorlofs frá 15 október. Umsóknir bárust frá Sigríði Stefánsdóttur, Vigdís Elvu Þorgeirsdóttur og Kristínu Kristmundsdóttur. Skólastjóri lagði til að Sigríður yrði ráðin í 80% starf frá 1. ágúst, Vigdís í 40% starf frá 1. ágúst sem síðan yrði 70% starf frá 15. október er Elva Þórisdóttir fer í fæðingarorlof. Einnig lagði hann til að Kristín Kristmundsdóttir yrði ráðin í 65% starf frá 15. október. Tillaga skólastjóra var samþykkt athugasemdalaust.
2. Önnur mál. Engin önnur mál voru tekin fyrir

Fundargerð upplesin og samþykkt, fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:22.

Ólafur Bernóðusson
Birna Sveinsdóttir
Adolf H. Berndsen
Gunnar Halldórsson
Steinar Kristjánsson
Ingibergur Guðmundsson